

## L Ö G

113

28. des.

um breyting á lögum nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Á eftir 1. málsgr. 4. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:  
Fjárhagsráð hefur einnig vald til að ákveða hámarksverð á vörum seldum í fornsölum.

## 2. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Sala á vörum milli heildverzlana innbyrðis og smásöluverzlana innbyrðis (keðjuverzlun) er bönnuð, nema slík verzlun sé gerð án álagningar eða heildarálagning vörunnar sé innan þeirra takmarka í heildsölu og smásölu, sem heimiluð eru. Óheimilt er að framleiða vöru til sölu í verzlunum úr innfluttri vefnaðarvöru og garni, nema innflutningsleyfi hafi verið veitt fyrir vörunni til iðnaðar. Bannað er að halda vörum úr umferð í því skyni að fá hærri verzlunarahagnað af þeim síðar.

## 3. gr.

3. mgr. 19. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn öðrum ákvæðum þessara laga eða samþykktum, settum samkvæmt þeim, varða sektum allt að 200 þús. kr. Ef miklar sakir eru, skal sökunautur sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 4 árum og sviptur atvinnurétti um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Ítrekun brots varðar aukinni refsingu. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal heimil vera.

## 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 28. desember 1950.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

Björn Ólafsson.